AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/1996 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

Frá og með 1. júní 1996 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 33,50	verði	kr. 35,15
	10.001 - 20.000 km	kr. 29,95	verði	kr. 31,45
	20.001 - >	kr. 26,45	verði	kr. 27,75

b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,10	verði	kr. 5,35	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 15,55	verði	kr. 16,40	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,60	verði	kr. 4,80	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 13,95	verði	kr. 14,70	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,00	verði	kr. 4,20	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 12,30	verði	kr. 12,95	(torfærugj.	20.001 - >)

2. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar" í tölulið 5.1. í auglýsingunni orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	SDR	95	86
New York	SDR	97	65
Asía	SDR	125	100
Annars staðar	SDR	78	86

Kaflinn: Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa í sama tölulið orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	SDR	61	55
New York	SDR	62	41
Asía	SDR	81	65
Annars staðar	SDR	51	55

3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring: kr. 7.150, verði kr. 8.400
Gisting í eina nótt: kr. 3.650, verði kr. 4.900

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1996.

Reykjavík 12. júní 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

Nr. 338 14. júní 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21(um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 við EES-samninginn og snerta framkvæmd 53.-54. gr. hans, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 1, 30.3.1994, bls. 5 (ákvörðunin), og nr. 34, 15.9.1994, bls. 1 (EB-gerðin).

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júní 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 339 12. júní 1996

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands.

1. gr.

Nafn og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.